

## STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2023, mánudaginn 28. ágúst kl. 13:00 var haldinn 339. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1, og um fjarfundabúnað.

Fundarfólk: Gylfi Magnússon, Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason og Sara Björg Sigurðardóttir, varamaður Skúla, að hluta, Ragnhildur Alda María Vilhjálmisdóttir, Ragnheiður Björk Halldórsdóttir, varamaður fyrir Þórð Gunnarsson, sem var fjarverandi og Valgarður Lyngdal Jónsson. Guðveig Eyglóardóttir fulltrúi Borgarbyggðar var fjarverandi. Valgarður tók þátt um fjarfundabúnað.

Einnig tók Sævar Freyr Þránínsson forstjóri þátt í fundinum.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

### Petta gerðist:

1. Fundargerðir SF 337 og SF 338 lagðar fram og samþykktar. Fundargerðirnar verða sendar til rafrænnar undirritunar stjórnar.
2. Klukkan 13:05 mættu til fundarins Benedikt Kjartan Magnússon, framkvæmdastjóri fjármála, Arna Vigdís Jónsdóttir, fjármálaleiðtogi Orkuveitu Reykjavíkur og Bryndís María Leifsdóttir, forstöðumaður reikningshalds, lögðu fram og kynntu hálfársuppgjör samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur. Umræður.

Davíð Arnar Einarsson, endurskoðandi frá Grant Thornton, mætti til fundarins og kynnti könnunarskýrslu vegna fyrstu 6 mánuða ársins 2023, dags. 28. ágúst 2023. Umræður.

Lárus Finnbogason, formaður endurskoðunarnefndar, mætti til fundarins og kynnti afgreiðslu endurskoðunarnefndar vegna hálfárs uppgjör samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur fyrir árið 2023.

Lagt fram bréf endurskoðunarnefndar, dags. 23. ágúst 2023, þar sem fram kemur að nefndin telji árshlutareikninginn tilbúinn til afgreiðslu í stjórn félagsins.

Uppgjörið borið upp og samþykkt samhljóða. Reikningurinn verður undirritaður rafrænt.

Framkvæmdastjóri fjármála lagði fram svohljóðandi tillögu, dags. 24. ágúst 2023 vegna hækkunar á lánasamningi við Carbflix. Tillögunni fylgir greinargerð.

*Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) heimilar að OR hækki skammtímalánasamning við Carbflix hf. um allt að 800 m.kr, eða samtals 2.800 m.kr. vegna rekstrar og framkvæmda á síðari hluta ársins 2023 þar til hlutafjárútkning félagsins gengur eftir. Framangreind heimild nær einnig til undirritunar allra skjala og gagna sem heimildin nær til.*

Tillagan samþykkt samhljóða.

Áhættuskýrsla lögð fram til kynningar, dags. 18.08.2023.

3. Klukkan 14:00 mætti til fundarins, Dagmar I. Birgisdóttir, leiðtogi áhættustjórnunar og lagði fram svohljóðandi tillögu, dags. 28. ágúst 2023 að nýrri aðferð við áhættumat samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur. Tillögunni fylgir greinargerð.

*Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að notað verði 5x5 áhættufylki við áhættumat hjá samstæðu OR og að gerðar verði breytingar á áhættuskýrslum til samræmis.*

Tillagan samþykkt samhljóða.

4. Klukkan 14:15 mættu fulltrúar Arion banka, þau Þórður Ólafur Þórðarson, Helga Lára Hauksdóttir og Þorsteinn Helgi Valsson til fundarins.

Eftirfarandi gögn liggja fyrir fundinum: Yfirlit verkþátta frá Arion banka, yfirlit matsþátta við val á fjárfestum, mörk umboðs stjórnar til forstjóra við val á fjárfestum.

Einnig lagt fram minnisblað, dags. 23. ágúst 2023 sem er svar við fyrirspurn Skúla Helgasonar, stjórnarmanns sem barst í tölvupósti 22. ágúst sl.

Lögð fram svohljóðandi tillaga forstjóra, dags. 28. ágúst 2023 um að stjórn samþykki að fela honum að hefja hlutafjárúkningu Ljósleiðarans. Tillögunni fylgir greinargerð.

*Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir fyrir sitt leyti að fela forstjóra að hefja hlutafjárúkningu Ljósleiðarans á grundvelli þeirra forsendna og gagna, sem nú liggja fyrir stjórn og fyrri bókana stjórnar og ákvarðana eigenda OR. Endanleg afstaða til tilboða verður tekin að loknum samanburði þeirra.*

*Jafnframt veitir stjórn Orkuveitu Reykjavíkur forstjóra félagsins umboð til að taka ákvörðun um hlutafjárúkningu á hluthafafundi í samræmi við ákvörðun eigenda OR þar um og samþykkir að falla frá forgangsrétti sínum að hinum nýju hlutum.*

Afgreiðslu tillögunnar frestað til aukafundar stjórnar þann 15. september nk.

Stjórn óskar bókað:

*Stjórn þakkar fyrir útarleg svör við fyrirspurnum um hvernig verði unnið með greiningu á hagsmunaaðrekstrum í komandi ferli, samanburð á opnu og lokuðu útboði og stefnumarkmið stjórnar um dreift eignarhald í komandi hlutafjárúkningu. Óskað er eftir nánari útfærslu á því fyrir næsta fund með hvaða hætti verði stuðlað að dreifðu eignarhaldi í komandi ferli og hvernig það verður skilgreint.*

Samþykkt að fresta birtingu fundargerða SF 336, 337, 338 og 339 þar til ákvörðun liggur fyrir.

5. Klukkan 15:30 mætti til fundarins Hólmfríður Sigurðardóttir, umhverfisgyðja og greindi frá stefnuverkefninu „Til fyrirmyndar í umhverfismálum. Loftslagsmál. Orkuskipti og aðrar aðgerðir í átt að kolefnishlutleysi.“ Umræður. Samþykkt að binda slaufu á verkefnið í núverandi mynd, en áhersla lögð á að halda áfram því metnaðarfulla starfi að loftslags- og sjálfbærnimálefnum, sem unnið hefur verið að innan samstæðu OR. Stjórn mun marka stefnu.
6. Lagt fram minnisblað um stöðu umhverfismælikvarða, dags. 24. ágúst 2023 og minnisblað um forðagæslu, dags. 23. ágúst 2023.
7. Lögð fram svohljóðandi tillaga, dags. 28. ágúst 2023 um kaup á landi í Helgadal, Mosfellsbæ. Tillögunni fylgir greinargerð.

*Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir kaup á lóðum í kringum borholur MG-35 og MG-39 í Helgadal, Mosfellsbæ. Nánar tiltekið 2500m<sup>2</sup> úr landi með landnúmer 231752 fyrir borholu MG-39, og 1250m<sup>2</sup> úr landi með landnúmer 231750 og 1250m<sup>2</sup> úr landi 231751 fyrir borholu MG-35.*

Tillagan samþykkt samhljóða.

Klukkan 16:00 mætti Sara Björg Sigurðardóttir til fundarins og Skúli Þór Helgason yfirgaf fundinn.

8. Lagðar fram til upplýsingar, fundargerðir og minnisblöð framkvæmdastjóra dótturfélaga Orkuveitu Reykjavíkur.

*Minnisblað framkvæmdastjóra Orku náttúrunnar ohf. dags. 23.08.2023*

*Fundargerð stjórnarfundar Orku náttúrunnar ohf. dags. 21.06.2023*

*Fundargerðir stjórnarfundar Carbfix hf. dags. 22.06,05.07 og 13.07.2023*

*Minnisblað framkvæmdastýru Carbfix hf. dags. 14.08.2023*

*Minnisblað framkvæmdastjórnar Veitna ohf. dags. 8.06.2023*

*Fundargerð stjórnarfundar Veitna ohf. dags. 28.08.2023*

*Minnisblað framkvæmdastýru Ljósleiðarans ehf. dags. 23.08.2023*

*Fundargerðir stjórnarfundar Ljósleiðarans ehf. dags. 23.06, 28.06, 29.06 og 30.06.2023*

9. Lagt fram til upplýsingar minnisblað framkvæmdastýru Ljósleiðarans, dags. 23. ágúst 2023 um kvörtun Mílu til Fjarskiptastofu vegna Ljósleiðarans og nýtt vöruframboð Mílu. Umræður.
10. Forstjóri greindi frá framgangi á vinnu við heildarstefnumótun Orkuveitu Reykjavíkur og lagði fram minnisblað til upplýsingar, dags. 22. ágúst 2023. Umræður.
11. Forstjóri lagði fram og kynnti skýrslu sína um starfsemina á milli stjórnarfunda, dags. 24. ágúst 2023. Umræður.

Fleira gerðist ekki.

**Fundi slitið kl. 16:40.**

**Næsti reglulegi fundur stjórnar verður haldinn þann 25. september 2023.**

**Aukafundur verður haldinn þann 15. september 2023.**

Gylfi Magnússon,

Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir,  
Ragnheiður Björk Halldórsdóttir, Valgarður Lyngdal Jónsson, Sara Björg Sigurðardóttir.

## STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2023, mánudaginn 26. júní kl. 13:00 var haldinn 337. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1, og um fjarfundarbúnað.

Fundarfólk: Gylfi Magnússon, Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnhildur Alda María Vilhjálmisdóttir, Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson, Guðveig Lind Eyglóardóttir og að hluta Sara Björg Sigurðardóttir.

Einnig tók Sævar Freyr Þráinsson forstjóri þátt í fundinum.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

### Petta gerðist:

1. Fundargerðir SF 335 og SF 336 lagðar fram og samþykktar. Fundargerðirnar verða sendar til rafrænnar undirritunar stjórnar.
2. Klukkan 13:05 mætti til fundarins Benedikt Kjartan Magnússon, framkvæmdastjóri fjármála ásamt Ásgeiri Westergren og fór yfir stöðu fjármögnunar. Benedikt kynnti einnig rýni á stöðu bormála hjá samstæðu OR.  
Umræður.

Áhættuskýrsla Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 21.06.2023 og rekstraráhættuskýrsla lögð fram.

3. Klukkan 13:45 mætti Erling Freyr Guðmundsson, framkvæmdastjóri Ljósleiðarans til fundarins. Lagt var fram minnisblað, dags. 26.06.2023 frá Arion banka varðandi hlutafjárhækkun í Ljósleiðaranum. Umræður um forsendur mögulegs hluthafasamkomulags.

Stjórn óskar bókað:

*Undirrituð hafa brýnt þá skoðun sína að mikilvægt sé að þau skilyrði sem væntanlegir kaupendur eiga að uppfylla og allar forsendur fyrir vali á tilboðum þeirra séu bæði vel reifaðar og fyrirfram ákveðnar af stjórn Orkuveitunnar svo gæta megi að jafnræði allra þátttakenda. Með öðrum orðum þarf að tryggja að leikreglurnar séu vel ígrundaðar og fyrir fram ákveðnar af stjórn OR, festar í sessi og settar fram áður en kynning útboðsins hefst. Því mikilvægt er að leikreglurnar séu ekki að taka breytingum eftir því hverjir væntanlegir kaupendur kunna að vera.*

4. Klukkan 14:30 Hallur Símonarson, innri endurskoðandi til fundarins ásamt Ingunni Ólafsdóttur og Sunnu Jóhanssdóttur og kynnti lokaskýrslu úttektar á áhættustýringu, dags. 22.05.2023. Umræður. Vísað er til bókunar endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar um úttekina.
5. Lagt fram minnisblað, dags. 22.06.2023 frá Árna Hrannari Haraldssyni, framkvæmdastjóra Orku náttúrunnar varðandi raforkusölu vegna Bitcoin. Umræður.
6. Klukkan 15:07 mættu til fundarins Eiríkur Hjálmarsson, sjálfbærnistjóri og Hólmfríður Sigurðardóttir, umhverfisgyðja og lögðu fram til rýni stefnu umhverfis-, auðlinda- og sjálfbærni. Umræður.  
Stefnan rýnd og ný sjálfbærnistefna samþykkt samhljóða.

7. Klukkan 15:40 mætti Arna Pálsdóttir, verkefnastjóri nýsköpunarverkefna til fundarins og kynnti verkefni rannsókna og nýsköpunar um blöndun vatns-eina hitaveitu. Lagt fram minnisblað um stöðu umhverfismælikvarða, dags. 22.06.2023 og minnisblað um forðagæslu, dags. 22.06.2023. Umræður.

Klukkan 16:05 vék Skúli Helgason af fundi og Sara Björg Sigurðardóttir mætti í hans stað.

8. Klukkan 16:05 mættu til fundarins Sólrún Kristjánsdóttir, framkvæmdastýra Veitna, Margrét María Leifsdóttir og Hlöðver Stefán Þorgeirsson, sérfræðingar hjá Veitum og gerðu grein fyrir málefnum fráveitunnar, losun í sjó og fyrirhugaða uppbyggingu. Umræður.

Klukkan 16:30 yfirgaf Guðveig Eyglóardóttir fundinn.

9. Lagðar fram til upplýsingar, fundargerðir og minnisblöð framkvæmdastjóra dótturfélaga Orkuveitu Reykjavíkur.

*Minnisblað framkvæmdastjóra Orku náttúrunnar ohf. dags. 21.06.2023*

*Minnisblað framkvæmdastjóra Carbfix hf. dags. 19.06.2023*

*Fundargerðir stjórnarfundar Carbfix hf. drög dags. 17.05, 24.05 og 09.06.2023*

*Minnisblað framkvæmdastjórnar Veitna ohf. dags. 8.06.2023*

*Fundargerð stjórnarfundar Veitna ohf. dags. 17.05.2023*

*Minnisblöð framkvæmdastjóra Ljósleiðarans ehf. dags. 31.05 og 21.06.2023*

*Fundargerðir Ljósleiðarans ehf. dags. 24.04 og 2.06.2023*

10. Forstjóri greindi frá undirbúningi að stefnumörkun stjórnar. Umræður.

11. Forstjóri lagði fram og gerði grein fyrir skýrslu sinni um starfsemina milli stjórnarfunda, dags. 23.06.2023. Umræður.

12. Lagt fram bréf Skógræktarfélags Reykjavíkur, dags. 30.08.2022 þar sem stjórnarmönnum er boðið í móttöku að Elliðavatnsbletti 27. Samþykkt að afþakka boð um móttöku.

13. Lögð fram svohljóðandi tillaga um sölu skála við Úlfljótsvatn, dags. 26.06.2023. Tillöggunni fylgir greinargerð.

*Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir sölu á skálanum Ölfusvatnskoti til flutnings af jörð Ölfusvatns.*

Tillagan samþykkt samhljóða.

14. Lagt fram svar við fyrirspurn af SF 328 um byggingarkostnað höfuðstöðva OR.

15. Lögð fram niðurstaða Eftirlitsstofnunar EFTA í málefnum Ljósleiðarans (áður Gagnaveitu Reykjavíkur) frá 21. júní sl.

Fleira gerðist ekki.

**Fundi slitið kl. 17:20.**

**Næsti reglulegi fundur stjórnar verður haldinn þann 28. ágúst 2023.**

**Aukafundur stjórnar verður haldinn þann 14. ágúst nk.**

Gylfi Magnússon,

Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnhildur Alda María Vilhjálmisdóttir, Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson, Guðveig Lind Eyglóardóttir, Sara Björg Sigurðardóttir.

## STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2023, mánudaginn 14. ágúst kl. 13:00 var haldinn 338. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1, og um fjarfundabúnað.

Fundarfélag: Gylfi Magnússon, Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnhildur Alda María Vilhjálmsson, Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson og Guðveig Eyglóardóttir, sem tók þátt um fjarfundabúnað.

Einnig tóku Sævar Freyr Þráinsson forstjóri, Benedikt Kjartan Magnússon, framkvæmdastjóri fjármála og Gísli Björn Björnsson sérfræðingur í fjárstýringu og greiningum þátt í fundinum. Benedikt tók þátt um fjarfundabúnað.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

### Þetta gerðist:

1. Forstjóri og ritari gerðu grein fyrir kynningu á tillögu að mörkum umboðs forstjóra við sölu á hlutafé í Ljósleiðaranum. Umræður. Gísli Björn gerði grein fyrir matsþáttum í drögum að matslíkani fyrir val á fjárfestum.

Forstjóri lagði fram svohljóðandi tillögu varðandi hlutafjárukningu Ljósleiðarans. Tillögunni fylgir greinargerð.

*Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir fyrir sitt leyti að fela forstjóra að hefja hlutafjárukningu Ljósleiðarans á grundvelli þeirra forsendna og gagna, sem nú liggja fyrir stjórn og fyrri bókana stjórnar. Endanleg afstaða til tilboða verður tekin að loknum samanburði þeirra.*

Afgreiðslu tillögunnar frestað til reglulegs stjórnarfundar þann 28. ágúst nk.

2. Klukkan 14:30 mættu til fundarins Edda Sif Aradóttir og Kristinn Ingi Lárusson, fulltrúar Carbfix hf., Fulltrúar Morgan Stanley og Bjarni Þórður, fulltrúi Arctica Finance, og gerðu grein fyrir stöðu hlutafjárukningar í Carbfix hf. og næstu skref í fjármögnunarferlinu. Edda Sif og fulltrúar Morgan Stanley tóku þátt um fjarfundabúnað.

Fleira gerðist ekki.

**Fundi slitið kl. 15:30.**

**Næsti reglulegi fundur stjórnar verður haldinn þann 28. ágúst 2023.**

Gylfi Magnússon,  
Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnhildur Alda María Vilhjálmsson,  
Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson, Guðveig Lind Eyglóardóttir.



## Loftslagsmál. Orkuskipti og aðrar aðferðir til að ná markmiðinu „kolefnishlutlaus eigin starfsemi 2030. SF-339, 28. ágúst 2023

Lykilverkefni: Til fyrirmyndar í umhverfismálum

Hólmfríður og Snorri, Umhverfismál OR

# Kynningin:

- Hópurinn 2022-2023
- Samantekt - Verkefni 2020 til 2023
- Loftslagsmál og orkuskipti í samstæðu OR 2020 og fram veginn
- Breytingar á stefnum og verkefnum sem hafa áhrif
- Tillaga um að ljúka verkefninu „Til fyrirmyndar í umhverfismálum [...]“ í núverandi mynd

# Hópurinn 2022-2023

**Veitur:**



Jóhannes



Kári



Bryndís



Daði



Magnea



Hrafn Leó



Kári



Selja

**ON:**

**Carbfix:**



Brynja



Eiríkur



Elentínus



Ingvi



Magnús Már




Snorri



Fríða

**OR:**

# Samantekt yfir loftslagsverkefni 2020 til 2023 innan OR-samstæðunnar



# Loftslagsmál fram veginn




## Seinni hluti 2023:

- Mælaborð kolefnisspors allra félaga í samstæðu OR – styður ákvarðanatöku
- Endurskoðun loftslagsmarkmiða í samræmi við SBTi vottun og úttekt Bureau Veritas
- Kolefnisspor innkaupa:
  - Áframhaldandi samtal við birgja
  - Áframhaldandi birgjamat
  - Áframhaldandi þróun á stigagjöf í stöðluðum útboðslýsingum


## Árin 2024-2030.....2040:

- Sjálfbærniuppgjör í samræmi við flokkunarreglugerð ESB
- 2025:
  - Silfurberg >95% föngun og förgun CO<sub>2</sub> og H<sub>2</sub>S Hellsheiði
  - Snjallmælaverkefni lýkur, felur í sér orkusparnað hjá viðskiptavinum, fjölbreyttari verðskrá skapar tækifæri til að bæta nýtingu og jafna orkuframleiðslu
- 2026: Rekstur Coda Terminal í Straumsvík hefst
- 2030: A.m.k 95% föngun og förgun CO<sub>2</sub> og H<sub>2</sub>S Nesjavöllum
- 2030: A.m.k 90% bílaflota OR vistvænn árið 2030
- 2023-2040: Innkaup: Reynir á að dregið sé úr kolefnisspori birgja sérstaklega vegna aukinna áforma um framkvæmdir

# Orkuskipti Veitna: Rafvæðing samgangna á landi og sjó 2020-2026




# Gleymum ekki orkuskiptum í hitaveitunni!



- Orkuskiptum „lokið“ í húshitun **EN** áframhaldandi áskorun að viðhalda góðum árangri vegna eftirspurnar
- Sé miðað við meðalgóða olíu var CO<sub>2</sub> sparnaður bara vegna hitaveitu Veitna á Höfuðborgarsvæðinu á árunum 2020-2022 11,8 milljónir tonna.
  - Aukningin á árabílinu er líðlega 0,5 milljón tonna.
  - Frá upphafi hefur Carbfix bundið um 0,1 milljón tonna.

# Carbfix – Verkefni á Íslandi 2021-2026 –

## Mikil áform áfram



# Stefnumótun

- Sjálfbærnistefna OR tók gildi 26. júní 2023
- Stefnan kynnt fyrir stjórnnum félaga samstæðunnar í ágúst
- Skilgreining og innleiðing þýðingarmikilla sjálfbærniþátta í haust og vetur
- Sjálfbærnistefnan er mikilvægt innlegg í heildarstefnuvinnu OR






# Loftslagsmarkmið

OR stefnir á kolefnishlutleysi eigin starfsemi árið 2030  
og einnig vegna aðfangakeðju árið 2040




SCIENCE  
BASED  
TARGETS

DRIVING AMBITIOUS CORPORATE CLIMATE ACTION



# Áskorun: Flokkunarreglugerð ESB – Taxonomy



- Loftslagstengd markmið
  - Mildun loftslagsbreytinga
  - Aðlögun að loftslagsbreytingum
- Önnur umhverfismarkmið
  - Sjálfbær nýting og verndun vatns og sjávarauðlinda
  - Umbreyting í hringrásarhagkerfi
  - Mengunarvarnir og eftirlit með mengun
  - Verndun og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni vistkerfa
- Sjálfbær fjármál
  - Reikningskil – CSRD  
Corporate Sustainability Reporting Directive
  - Græn skuldabréfaútgáfa  
European Green Bond Standard

## Tillaga:

Binda slaufu á verkefnið „*Til fyrirmyndar í umhverfismálum, orkuskipti og aðrar aðferðir til að ná markmiðinu kolefnishlutlaus starfsemi 2030*“ sem hófst í maí 2019 í núverandi mynd



Click to add text



Hagsýni  
Framsýni  
Heiðarleiki

# Ítarefni

# Loftslagsmarkmið - Gasbinding í jarðvarmavirkjunum ON

## Framfarir árið 2023

- Niðurdæling CO<sub>2</sub> og H<sub>2</sub>S hófst á Nesjavöllum í mars
- Skóflustunga að hreinsistöðinni Steingerði í júní



# Loftslagsmarkmið – Endurskoðun í ljósi vottunar SBTi

[https://or.overcastcdn.com/documents/Loftslagsmarkmi%C3%B0\\_2022\\_%C3%ADslenska1.pdf](https://or.overcastcdn.com/documents/Loftslagsmarkmi%C3%B0_2022_%C3%ADslenska1.pdf)

Ársskýrsla OR 2022

Viðaukar




Loftslagsmarkmið OR samstæðu og staða þeirra 2016-2030



## Efnisyfirlit

Föngun og förgun koltvíoxíðs í berg með CarbFix hjá Orku náttúrunnar .....	2
Losun vegna borana Orku náttúrunnar .....	3
Hagnýting koltvíoxíðs frá Hellisheiðarvirkjun í jarðhitagarði við virkjunina.....	3
Losun vegna úrgangs frá verkstað Orku náttúrunnar .....	4
Losun vegna úrgangs frá rekstri og verkstað Veitna .....	5
Losun vegna nýframkvæmda og viðhalds hjá Veitum .....	6
Losun vegna notkunar stórra bíla og tækja hjá Veitum.....	7
Losun vegna matarsóunar samstæðu OR.....	8
Losun vegna skrifstofuúrgangs samstæðu OR .....	9
Losun frá bílaflota samstæðu OR .....	10
Losun vegna flugferða starfsfólks samstæðu OR .....	11
Losun vegna ferða starfsfólks OR í og úr vinnu .....	12
Binding koltvíoxíðs með landbótum.....	13

# Loftslagsmarkmið: Mælaborð kolefnisspors



<https://tableau.or.is/#/views/2020-CO2losunSamstuddotturfelag/CO2Losunsamstuddotturfelag?iid=1>

# Loftslagsmarkmið - Landbætur og binding í gróðri og jarðvegi

## Landgræðslu- og skógræktarsvæði hafa stækkað undanfarin tvö ár


- Landgræðslusvæði Hellisheiði stækkað um 12 ha, úr 161 í 173 ha
- Skógræktarsvæði Ölfusvatni stækkað um 10 ha, úr 130 í 140 ha
- Markmið landgræðslu: 6 ha á ári, var 4 ha
- Markmið skógræktar: 6 ha á ári, var 4 ha
- Landgræðsla á framkvæmdaraski er ekki inni í tölunum

### Áskoranir:

- Ekkert framkvæmdarask án endurheimtar staðargróðurs
- Nægilega mikið af afgirtu landi til skógræktar til framtíðar
- Úttekt og vottun á bindingu í gróðri og jarðvegi haustið 2023



# Gleymum ekki orkuskiptum í hitaveitunni, frh!



- Orkuskiptum „lokið“ í húshitun **EN** áframhaldandi áskorun að viðhalda góðum árangri vegna eftirspurnar
- Sé miðað við meðalgóða olíu var CO<sub>2</sub> sparnaður bara vegna hitaveitu Veitna á Höfuðborgarsvæðinu á árunum 2020-2022 11,8 milljónir tonna.
  - Aukningin á árabílinu er líðlega 0,5 milljón tonna.
  - Frá upphafi hefur Carbfix bundið um 0,1 milljón tonna.

# MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur - SF 339  
 Sendandi: Hólmfríður Sigurðardóttir, Umhverfismál OR  
 Dagsetning: 24. ágúst 2023  
 Efni: **Umhverfismál fyrir stjórn OR 28. ágúst 2023. Staða þriggja árangursmælikvarða sem falla undir árangursvögina „Umhverfi og samfélag“**

Heiti mælikvarða	2020				2021				2022				2023			
	1. ÁF	2. ÁF	3. ÁF	4. ÁF	1. ÁF	2. ÁF	3. ÁF	4. ÁF	1. ÁF	2. ÁF	3. ÁF	4. ÁF	1. ÁF	2. ÁF	3. ÁF	4. ÁF
Opinber leyfi Carbfix í gildi og uppfyllt																
Opinber leyfi Veitna í gildi og uppfyllt														*		
Opinber leyfi ON í gildi og uppfyllt														**		
Styrkur brennisteinsvetnis í andrúmslofti																
Staða loftslagsmælikvarða																

\*2.ÁF: Óhreinsað skólp í sjó og heitt vatn út í umhverfið.

\*\*2.ÁF: Vatnshæð Skorradalsvatns, bilun eða stöðvun í lofthreinsistöð, og rennsli á yfirfall Hellisheiðarvirkjunar, aukin varmalosun á yfirborði við Nesjavallavirkjun.

**Athugið:** Minnisblaðið mun taka breytingum á næstu misserum vegna nýrrar sjálfbærnistefnu OR og mun auk umhverfismála taka á samfélagsþáttum.

## Opinber leyfi OR, ON, Veitna og Carbfix í gildi og uppfyllt

### ORKUVEITA REYKJAVÍKUR:

#### Elliðaár:

- Samvinna OR og umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar gengur vel vegna niðurlagningaráætlunar Elliðaárvirkjunar og vinnu að skipulagi henni tengdri. Samráðsfundir með eftirlitsstofnunum ganga einnig vel.

### ORKA NÁTTÚRUNNAR:

#### Andakilsárvirkjun og Skorradalsvatn:

- Vatnshæð Skorradalsvatns er rétt undir viðmiðunarmörkum vegna þurrka undanfarnar vikur.
- Framkvæmdir við inntakslón virkjunarinnar næsta sumar verða kynntar á fundi með Veidifélagi Andakilsár 25. ágúst.

#### Jarðvarmavirkjanir:

- Fjöldi framkvæmda er í gangi á Hellisheiði, þ. á m. vegna Hverahlíðarlagnar II, dælustöðvar fyrir Jarðhitagarði ON, lofthreinsistöð og Mammoth. Gróðurþekju er haldið til haga og nýtt í að græða upp röskuð svæði.
- Borun vinnsluholu er að hefjast við Nesjavallavirkjun.
- Stöðvun í lofthreinsistöð við Hellisheiðarvirkjun 3.-8 júlí, tilkynnt.
- Rennsli á yfirfall við Hellisheiðarvirkjun 15.-17. ágúst vegna framkvæmda Mammoth í Jarðhitagarði ON, tilkynnt.
- Stöðvun í lofthreinsistöð 14. ágúst og eitthvað áfram vegna stíflu í niðurrennslisholu, tilkynnt.

#### Leyfi og eftirlit:

- [Umhverfisstofnun hefur tekið ákvörðun um útgáfu á starfsleyfi fyrir nýja lofthreinsistöð Orku náttúrunnar](#) við Hellisheiðarvirkjun. Engar athugasemdir bárust stofnuninni.
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands mun koma í eftirlitsferð á Hellisheiði og Nesjavelli 29. og 30. ágúst.

**Samskipti við hagsmunaaðila:** Ekkert nýtt.

**Forðagæsla:** Sjá minnisblað framkvæmdastýru Rannsóknna og nýsköpunar.

### VEITUR:

#### Vatnsveita:

- Umsjónarmaður vatnsverndarsvæða hefur gert úrbótatillögur vegna uppbyggingar snjóframleiðslu í Bláfjöllum, tilkynnt.
- Fjölmennt partý var haldið í Heiðmörk í ágúst innan grannsvæðis vatnsverndar. Skipuleggjendur seldu aðgang að viðburðinum og voru með rafstöð á svæðinu. Lögreglan fjarlægði rafstöðina en skorti skýrar heimildir til að stöðva viðburðinn. Uppákomana sýnir skort á úrræðum til að framfylgja vatnsvernd og mikilvægi þess að betri stjórn sé náð á umferð um þetta mikilvæga svæði, tilkynnt.

#### Hitaveita:

- Bakvatn rann um ofanvatnsyfirfall í Vogabyggð í náttúruvættið Háubakka frá athafnasvæði byggingaraðila sem hafði staðið ranglega að tengingum, tilkynnt.
- Heitavatnsleki olli skemmdum á gróðri við Hraunhóla og steypubíll olli skemmdum á loki á heitavatnsstokki.

**Rafveita:** Ekkert nýtt.

#### Fráveita:

- Lífrænt álag á skólpahreinsistöðvar í Borgarbyggð kann að hafa verið vanmetið og umfram starfsleyfismörk. Unnið er að endurmati og úrbótum.
- Losun á óhreinsuðu skólpi í sjó við ströndina:
  - Vegna prófunar og lagfæringar á búnaði var óhreinsað skólp losað í sjó um yfirfallsdælur við Boðagrandu (21.-22. júní) og neyðarlúgur í dælustöðvum við Skúlagötu (7. júní) og Gufunesi (4. júlí).
  - Vegna mikillar úrkomu var óhreinsað skólp losað í sjó um Elliðavogsræsi (1. júlí)

**Leyfi og eftirlit:** Ekkert nýtt.

**Forðagæsla:** Sjá minnisblað framkvæmdastýru Rannsóknna og nýsköpunar.

## CARBFIX:

- Engin leyfi, sem varða umhverfismál, eru á vegum Carbfix en unnið er að gerð starfsleyfis vegna niðurdælingar Carbfix á Hellisheiði sem tekur væntanlega gildi í vetur.
- Unnið að smíði niðurdælingarkerfis fyrir tvær niðurdælingarholur hjá Mammoth í Jarðhitagarði ON og er niðurdæling áformuð 2024. Ein vöktunarhola verður boruð í haust á svæði félagsins í jarðhitagarðinum.
- Unnið að borun grannra rannsóknarholna í Straumsvík í tengslum við Coda Terminal.

## Styrkur brennisteinsvetnis í andrúmslofti

- Það sem af er 2023 hefur styrkur verið undir mörkum.

## Loftslagsmál

- Þann 21. til 23. ágúst sl. fór fram úttekt á loftslagsbókhaldi OR samstæðu þar á meðal á kolefnisbindingu í gróðri á vegum [alþjóðlega endurskoðunarfyrtækisins Bureau Veritas](#). Farið var yfir verklagsreglur og aðferðafræði sem tengjast losun og bindingu gróðurhúsalofttegunda, gæði gagna, viðhald og kvörðun mæla ofl. Farið var í vettvangsferðir á Hellisheiði og einnig voru landgræðslu- og skógræktarsvæði á lendum OR tekin út. Í úttektinni kom fram fjöldi tækifæra til umbóta og stefnir OR á að fá staðfestingu á loftslagsbókhaldu fyrir árið 2023. Fulltrúar Bureau Veritas munu áfram styðja OR á þessari vegferð.
- Unnið að mótun aðgerða sem snúa að samdrætti losunar gróðurhúsalofttegunda vegna innkaupa, einkum á stáli.

## Annað

### Umsagnir um lög, reglugerðir, skipulagsáætlanir ofl:

- Fulltrúar Carbfix og OR, ásamt fulltrúum íslenskra stjórnvalda tóku þátt í vinnustofu í Brussel í júlí um uppfærslu leiðbeiningaskjala um niðurdælingu á CO<sub>2</sub> sem útfæra nánar tilskipun Evrópusambandsins um niðurdælingu (CCS). Fróðlegur og gagnlegur fundur og upplifun fulltrúa frá Samstæðu OR að hlustað væri á röksemdir og skýringar. Leyfisveitendur og rekstraraðilar niðurdælingarsvæða í Evrópu horfa til þess hvernig staðið verður að málum hérlendis og í Noregi.

**Mat á umhverfisáhrifum ofl:** Ekkert nýtt.



Landgræðsluhópur ON leggur mosatorfur sem safnað var úr lagnastæði Hverahlíðarlagar II og nýtti þær til að græða upp rof í mosavaxinni hlíð í Hverahlíð.

## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri  
**Sendandi:** Hera Grímsdóttir, Ingvi Gunnarsson og Vala Hjörleifsdóttir  
**Dagsetning:** 23.08. 2023  
**Efni:** **Minnisblað forðagæslu**

---

### Rannsóknir á nýjum svæðum - Staða á jarðhitaleit fyrir hitaveitur

#### Kjalarnes

Seinni áfanga hitastigulsborana á Kjalarnesi er lokið. Í þessum áfanga voru boraðar 9 holur til viðbótar þeim 9 sem boraðar voru í árslok 2022. Lokaskýrsla frá ÍSOR liggur ekki fyrir en gögnin sýna að á Brimnesi og við austanverða Hofsvík, á sunnanverðu nesinu, er víðáttumikið og sterkt hitastigulsfrávik sem bendir eindregið til að þar sé jarðhitakerfi að finna. Næstu skref hafa ekki verið útfærð en ljóst að þau munu fela í sér dýpri boranir á Brimnesi. Á norðanverðu nesinu, í landi Dalsmynnis, voru boraðar þrjár holur í þessum áfanga og þær staðfesta að þar er hitastigulsfrávik til staðar en það er mun umfangsminna og virðist ekki jafn heitt og frávik á Brimnesi. Eðlilegt er setja frekari jarðhitaleit á sunnanverðu nesinu í fyrsta forgang en láta frekari rannsóknir í Dalsmynni bíða.

#### Rangárveita

Hitastigulsboranir við Laugaland hófust í júlí. Þar er á áætlun að bora 7 holur og hefur 5 verið lokið. Þrjár af þessum holum eru austan við vinnslusvæðið, í landi Nefsholts en 4 eru í landi Marteinstungu, sunnan við vinnslusvæðið. Tillögur um næstu skref verða mótaðar þegar niðurstöður hitastigulsmælinga liggja fyrir á næstu vikum.

### Nýsköpun - Ein hitaveita

Unnið er að tilraunum á framleiðslu svokallaðs gervilághitavatns í Hellisheiðarvirkjun til að geta blandað saman hitaveituvatni frá lághitasvæðum höfuðborgarsvæðisins og virkjunum í Hengli í dreifikerfi hitaveitu höfuðborgarsvæðisins. Þær tilraunir hafa haldið áfram á prófunarstigi (pilot scale) í sumar á Hellisheiði og ganga þær afar vel. Sýnt hefur verið fram á virkni ferlisins yfir margra mánaða tímabil sem var eitt af markmiðum tilrauna á þessu tilraunastigi.

Sumarið var einnig nýtt í hönnun og smíði á svipuðu tilraunakerfi og á Hellisheiði til að setja upp á Nesjavöllum og framkvæmdir standa nú yfir við uppsetningu þess og tengingu við inntaks- og úttaksstrauma á Nesjavöllum. Tilraunabúnaðurinn sjálfur, sem þolir hærri hita og þrýsting en búnaðurinn á Hellisheiði, var smíðaður í maí af tæknifræðinemendum í HR í samstarfsverkefni þar sem hluti af 3 vikna námskeiði þar. Mikil ánægja var með samstarfið og vinnu nemendanna, bæði hjá leiðbeinendum þeirra hjá HR og hjá verkefnastjórum blöndunarverkefnis.

Hönnun og uppsetning stærra tilraunakerfis á sannreynslustigi á Hellisheiði er í fullum gangi í samvinnu við Mannvit og hollenska fyrirtækið Royal HaskoningDHV. Hönnun gengur vel og varmastöðvar stoppið í síðastliðinni viku á Hellisheiði var nýtt til að gera allar tengingar sem þarf við núverandi kerfi á Hellisheiði. Áætluð lok hönnunarfasa eru í lok ágúst. Kerfið verður sett upp í haust og áætlað er að það verði komið í rekstur fyrir lok árs 2023. Enn er stefnt á að tilraunum í verkefninu ljúki seinni hluta árs 2024.

## Minnisblað um orkukosti

Umhverfis- orku- og loftslagsráðherra óskaði eftir minnisblaði um stöðu á þeim virkjanakostum sem eru í nýtingarflokki sem OR ber ábyrgð á, ásamt tímalínu með fyrirvörum. Einnig var beðið um upplýsingar um þá virkjanakosti sem OR leggur mesta áherslu á sem ekki eru í nýtingarflokki. Með það að augum að yfirsýnin sem felst í samantektinni gæti verið gagnleg fyrir stjórn OR eru hér þær helstu upplýsingar sem sendar voru til ráðherra.

### Staða orkukosta Orkuveitu Reykjavíkur

Hér er gert grein fyrir stöðu á þeim virkjanakostum sem eru í nýtingarflokki rammaáætlunar sem OR ásamt dótturfélögum ber ábyrgð á. Auk þess er gerð grein fyrir þeim virkjanakostum sem OR hefur til skoðunar en eru ekki í nýtingarflokki rammaáætlunar. Tímalínur eru settar fram með fyrirvara um leyfisveitingar, niðurstöður rannsókna, aðfangakeðju framleiðenda sem hefur verið undir miklu álagi í Evrópu undanfarið og takmarkað aðgengi að bortækjum á landinu. Allt getur þetta haft áhrif á áætlanir OR.

Fjallað er um eftirfarandi virkjunarkosti:

Virkjunarkostur	Tegund virkjunar	Athugasemd	Tímasetningar
<b>Svæði í nýtingarflokki</b>			
Meitlar	Jarðvarmi allt að 45 MW <sub>e</sub>	Ekki ljóst hvort verði tengt við Hellisheiði eða ný virkjun/varmastöð reist.  Frekari rannsóknir nauðsynlegar og í undirbúningi.	Rannsóknarboranir 2024-2027  Möguleg vinnsla 2030-2035
Hverahlíð II	Uppbótarsvæði fyrir Hellisheiðar-virkjun	Stækkun vinnslusvæðis í Hverahlíð.  Frekari rannsóknir nauðsynlegar og í undirbúningi.	Rannsóknarboranir 2026-2028  Vinnsla 2025-2030
Þverárdalur	Jarðvarmi allt að 90 MW <sub>e</sub>	Mögulegt uppbótarsvæði fyrir Nesjavallavirkjun.  Frekari rannsóknir nauðsynlegar og í undirbúningi.	Rannsóknarboranir 2026-2029  Möguleg vinnsla 2033-2034
<b>Svæði sem eru ekki í nýtingarflokki</b>			
Litla - Skarðsmýrarfjall	Jarðvarmi	Ekki í Rammaáætlun en mögulegt lítið uppbótarsvæði fyrir Hellisheiðarvirkjun.  Frekari rannsóknir nauðsynlegar og í undirbúningi.	Rannsóknarboranir 2025  Möguleg vinnsla 2026
Miðdalur	Jarðvarmi	Ekki í rammaáætlun	Allt að 10 ár frá upphafi verkefnis
Fremstidalur	Jarðvarmi	Ekki í rammaáætlun	
Innstidalur	Jarðvarmi	Í biðflokki	
Þitra	Jarðvarmi	Í verndarflokki	
Ölfusdalur	Jarðvarmi	Ekki í rammaáætlun	
Vindorkugarður við Lambafell í Ölfusi	Vindorka 50 – 150 MW	Beiðni hefur verið send til OS um umfjöllun verkefnisstjórnar 5. áfanga rammaáætlunar.  Frekari rannsóknir nauðsynlegar og í undirbúningi.	Möguleg gangsetning 2030-2035
Vindorkugarður við Dyraveg í Ölfusi	Vindorka 50 – 108 MW		
Vindorkugarður við Lyklafell í Mosfellsbæ	Vindorka 50 – 144 MW		
Dæluvirkjun	Vatnsafl 55 MW	Beiðni er í undirbúningi og verður send til OS um umfjöllun verkefnisstjórnar 5. áfanga rammaáætlunar.	Möguleg gangsetning 2030-2035


Virkjunarkostur	Tegund virkjunar	Athugasemd	Tímasetningar
		Frekari rannsóknir nauðsynlegar og í undirbúningi.	
<b>Svæði sem eru ekki á höndum OR</b>			
Krýsuvík	Jarðvarmi	Mikilvægt fyrir hitaveitu höfuðborgarsvæðisins.	<b>Ekki í höndum OR</b>

### Staða auðlinda sem eru í nýtingarflokki rammaáætlunar

Í júní 2022 samþykkti Alþingi þingsályktun um uppfærða flokkun virkjunarkosta í rammaáætlun verndar og orkunýtingar og eru jarðhitasvæðin Meitlar og Hverahlíð II (stundum nefndir Norðurhálsar) og Þverárdalur í Henglinum skilgreind í nýtingarflokki. Ráðast þarf í rannsóknarboranir á þessum svæðum og fer ákvörðun um hvort af nýtingu verður og þá með hvaða hætti alfarið eftir niðurstöðum úr rannsóknum á jarðhitaauðlindinni.


### Rannsóknarvegferð OR á nýjum svæðum í Henglinum

Ekki er til gott mat á stærð þeirra auðlinda sem nú eru komnar í nýtingarflokk rammaáætlunar. Mikilvægt er að farið verði í rannsóknarboranir en með þeim er hægt að leggja betra mat á stærð og eðli auðlindanna á svæðunum. Sérstaklega er mikilvægt að sjá hversu heitur vökvinn í jarðhitakerfunum er, en hitinn stjórnar hlutfalli gufu og vatns og ræður því hvort hann sé nýtanlegur til raforku og varmavinnslu eða bara til varmavinnslu (mynd 1). Horft er til þess að ef nýtanleg gufa finnst á svæðunum verði fyrsti valkostur að nýta hana til að halda núverandi virkjunum lengur í fullum afköstum, frekar en að nýjar virkjanir verði reistar á þessum svæðum. Einnig eru þessi svæði mikilvæg til að geta haldið áfram að auka varmaframleiðslu en fyrirsjáanleg er mikil aukning á eftirspurn á höfuðborgarsvæðinu. Myndin að neðan sýnir hvernig hitastig í jarðhitakerfum hefur afgerandi áhrif á það hvernig auðlindin er best nýtt. Settar eru fram nokkrar sviðsmyndir.



Yfirborðsrannsóknum er lokið á framangreindum svæðum og næsta skref rannsókna er að kanna með rannsóknarborunum hvort vinnanlegur jarðhiti sé til staðar á þeim svæðum sem viðnámsfrávik finnast á og fá heildarmynd af jarðhitaauðlindum utan núverandi vinnslusvæða.

Rannsóknarvegferðin felur í sér rannsóknir á þeim þremur svæðum sem eru í nýtingarflokki rammaáætlunar, en einnig er áhugi á að bora rannsóknarholur í Litla-Skarðsmýrarfjalli, sem er ekki í rammaáætlun, en liggur að núverandi vinnslusvæði. Mynd 2 sýnir grófa afmörkun svæðanna og



áfangaskiptingu sem lagt er upp með og röðina eins og stefnt er að. OR er landeigandi á rannsóknarsvæðunum og því eigandi mögulegra auðlinda á svæðunum.

Rannsóknaráformum OR á Hengilssvæðinu er skipt í fimm áfanga:

- Áfangi 1: Meitlar (norður)
- Áfangi 2: Hverahlíð II
- Áfangi 3: Þverárdalur
- Áfangi 4: Litla-Skarðsmýrarfjall
- Áfangi 5: Meitlar

OR hefur kynnt áformaða rannsóknarvegferð hlutaðeigandi sveitarstjórum í Sveitarfélaginu Ölfusi og Grímsnes- og Grafningshreppi. Verkefnið verður kynnt öðrum hagaðilum og almenningi á opnum fundum í haust.

## Önnur áform um orkuöflun, ekki í nýtingarflokki

### Miðdalur, Fremstidalur og Innstidalur

Í Miðdal og Fremstadal í Henglinum er mögulega gott nýtanlegt jarðhitasvæði. Fram að þessu hefur OR ekki lagt fram beiðni um að svæðin verði til umfjöllunar í verkefnisstjórn rammaáætlunar, en verið er að horfa til þess möguleika. Innstidalur, einnig á Hengilssvæðinu, er í biðflokki rammaáætlunar. Svæðin gætu nýst sem uppbótarsvæði fyrir núverandi virkjanir. Jarðvísindarannsóknir á yfirborði gefa til kynna að þar sé jarðhita að finna, en engar boranir hafa farið fram á þessu svæði og eru því upplýsingar takmarkaðar.

### Bitra

Fyrri áform OR í Bitru miðuðu að því að svara aukinni eftirspurn eftir rafmagni til atvinnuvega og því miðað á 90 MW með möguleika á að stækka í 135 MW. Búið er að staðfesta tilvist varma auðlindar í Bitru með borun á þrem borholum. Nú er því horft til að eiga möguleika á varmavinnslu á svæðinu til að tryggja lífsgæði á suðvesturhorninu í ótilgreindri framtíð. Möguleg nýting á Bitru yrði því á forsendum varmavinnslu. Þar sem Bitra er í verndarflokki er ekki hægt að sækja varmavinnslu umfram 50 MW en auðlindin myndi leyfa talsvert meiri vinnslu.

### Ölfusdalur

Ölfusdalur, 50 MW varmastöð, var lögð inn til umsagnar í ramma 4 en fékk ekki umfjöllun. Mögulegt er að leggja aftur inn endurbætta umsókn. Tilgangur umsóknar væri til að klára rannsóknir á svæðinu og kortleggja þar með auðlindir í nálægð við skyldusvæði Veitna til að tryggja forgang hitaveitu að auðlindinni.

### Krýsuvík

Krýsuvík er eina stóra ónýtta jarðhitasvæðið nálægt höfuðborgarsvæðinu, en rannsóknarleyfi þar er nú í höndum HS Orku.

### Vindorka

OR hefur lagt fram beiðni til Orkustofnunar um að verkefnisstjórn í fimmta áfanga rammaáætlunar fjalli um þrjá vindorkukosti í nágrenni Hellisheiðar. Við staðarval á tillögunum var horft til þess að áhrif á umhverfi, náttúru og samfélag yrðu sem minnst. Horft var til fyrirliggjandi gagna um vindskilyrði og

nálægðar við röskuð svæði, flutningsvirki, starfssvæði OR samstæðunnar og svæða þar sem sjáanleg mannvirki eru fyrir. Lýsing á virkjunarkostunum er á frumstigi og frekari rannsókna og samráðs er þörf.

### **Dæluvirkjun**

Verið er að kanna mögulega dæluvirkjun sem nýtt yrði sem jöfnunarafl. OR áformar að leggja fram beiðni þess efnis til Orkustofnunar í haust. Hér er eins og áður áformað að biðja um umfjöllun verkefnastjórnar um stærsta mögulega virkjunarkost á svæðinu og hanna þá inn í þann ramma eftir því sem rannsóknum á svæðinu vindur fram.

Til stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur

SF 337  
SAB  
Reykjavík 28. ágúst 2023

## Tillaga

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir kaup á lóðum í kringum borholur MG-35 og MG-39 í Helgadal, Mosfellsbæ. Nánar tiltekið 2500m<sup>2</sup> úr landi með landnúmer 231752 fyrir borholu MG-39, og 1250m<sup>2</sup> úr landi með landnúmer 231750 og 1250m<sup>2</sup> úr landi 231751 fyrir borholu MG-35.

## Greinargerð

Úr landi Helgadals í Mosfellsbæ hafa verið stofnaðar spildur A, B og C. Veitur eru með borholur MG-35 og MG-39 á umræddum spildum, sem eru í eigu systkina.

Borholur er lykilinnviði og þess eðlis að eigi að þjóna um ókominn tíma. Hagsmunir eru fólgnir í því að tryggja þessi réttindi með því að kaupa lóðir í kringum þær fremur en að leigja á lóðarleigu af landeigendum, en tíðkast hefur að leigja lóðir undir slík réttindi til 99 ára. Áhættan við slíkt takmarkað eignarhald er til að mynda ef eign fer á nauðungarsölu falla niður öll umráðaréttindi, kvaðir og höft. Raunin er sú að Orkuveita Reykjavíkur hefur glatað slíkum réttindum vegna þessa.

Stefnan hefur verið sú að Orkuveita Reykjavíkur komi fram sem eigandi að eignarlöndum og leigi á lóðarleigu til dótturfélaga sinna. Er því lagt til að Orkuveita Reykjavíkur kaupi lóðir undir borholur MG-35 og MG-39 og leigi á lóðarleigu til Veitna, líkt og teikningar í fylgiskjöllum sýna. Nánar tiltekið er um að ræða 2500m<sup>2</sup> úr landi með landnúmer 231752 fyrir borholu MG-39 og 1250m<sup>2</sup> úr landi með landnúmer 231750 og 1250m<sup>2</sup> úr landi 231751 fyrir borholu MG-35.

Verðmat var fengið frá Fasteignasölu Mosfellsbæjar. Í niðurstöðu verðmatsins kemur fram að líklegt fermetraverð á þessu landi sé á bilinu kr. 2.500-3.000,-. Ofangreind systkini hafa fallist á að selja lóðir í kringum borholurnar á kr. 3.000,- per m<sup>2</sup>, eða í heildina kr. 15.000.000,- miðað við 5.000m<sup>2</sup> lóðir.

*Stefanía Agnes Þórisdóttir*

Stefanía Agnes Þórisdóttir

## Fylgiskjöl

1. Teikning nr. C-14-0001 fyrir borholu MG-35
2. Teikning nr. C-14-0001 fyrir borholu MG-39
3. Verðmat Fasteignasölu Mosfellsbæjar dags. 8. september 2022